

- 33 Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður 8. júní að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjól hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

- 34 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
11. júní **Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Haukadal í Þingeyrarhreppi.**

Með bréfi, dags. 11. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Haukadal í Þingeyrarhreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Haukadal í Þingeyrarhreppi sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

1. 40 — fjörutíu — metrum innan við svo nefndan Sæbólslæk, þar sem hann rennur til fjöru, hugsast bein lína dregin í sundið milli Vésteins og Brautarholts 170 metra löng, talin frá efsta fjöruborði. Lína þessi liggur h. u. m. S.V. og nær 25 metra upp fyrir núverandi hreppsveg (Vatnsbraut á meðf. uppdrætti).
2. Þaðan beygir merkjalínan í 90° horn til N.V., eða í stefnu utan við svonefndan Yztabæ, hún er 95 metra löng og endar 10 m. fyrir innan Sæbólslæk en 15 metrum sunnan við veginn (Veitugarð).
3. Þá liggur merkjalínan samhliða hinni fyrst töldu, 100 metra langa leið í N.A., eða í hið svo nefnda Leifstún, 15 metra út fyrir Sæbólslækinn.
4. Eftir það miðast merkjalínan í beina stefnu 270 metra vegalengd í auðkenndan stað í lækjarfarveg 40 metra frá efsta fjöruborði utan við verbúðartóft Jóhanns útgerðarmanns Jónssonar og þaðan til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjól hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

- 35
9. marz

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs. Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns þess.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskimagn (lax og silungs) allra vatna á Fljótsdalshéraði, sem til þess teljast hæf, með klaki, innflutningi fiskseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs, svo og setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, eftir því sem lög leyfa.